



Samantekt umsagna – Deiliskipulag Heiðmerkur

Umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkurborgar
Dagsetning: 17.09. 2025

Markmið og efni samantektarinnar

- Draga saman sjónarmið hagsmunaaðila og stofnana
- Varpa ljósi á meginatriði í umsögnum
- Gott innlegg í áframhaldandi stefnumótun og til þess að undirbúa næstu skref í skipulagsferlinu
- Ekki lokaafstaða - hluti af virku samráði og samvinnuferli



Fjöldi og innihald umsagna

- Lýsing auglýst frá 22. maí - 18. júní 2025, frestur framlengdur um 2 vikur
- Alls bárust yfir 40 umsagnir
- Frá hagsmunasamtökum, stofnunum og einstaklingum
- Heiðmörk vettvangur fyrir ólíka notkun og fólk upplifir sterkt eignarhald eða tengingu við svæðið
- **Megininntak:** aðgengi, vatnsvernd, útivist og samráð



Sameiginleg áhersluatriði

- **Andstaða við skerðingu aðgengis**, sérstaklega fyrir hópa eins og börn, aldraða, hreyfihamlaða og veiðimenn.
- **Mikilvægi reiðleiða og lýðheilsu almennt**
- **Gagnrýni á samráðsferli og gagnsæi**, kallað er eftir virkari samræðuformi og þátttöku
- **Þörf á jafnvægi milli verndar og nýtingar** er síendurtekin krafa



Hagsmunir hestamanna

- Hestamannafélög kalla eftir vernd reiðleiða
- Söguleg réttindi og skipulagsleg viðurkenning
- Tryggja þurfi sýnilega stefnu og skuldbindingu um aðgengi, viðhald og samræmingu við önnur svæði.
- Beiðni um beina aðkomu að skipulagsvinnu



Aðgengi og lýðheilsa

- Stærsta og tilfinningaþrúgnasta umræðan í umsögnum
- Andstaða við lokanir á bílaumferð, sérstaklega að vinsælum stöðum eins og Elliðavatni
- Mikilvægi svæðisins fyrir börn, aldraða og útinám
- Útivist sem lýðheilsu- og velferðarmál og skerðing geti haft áhrif á velferð og jafnrétti til þátttöku



Gagnsæi og samráð

- Krafist er betri rökstuðnings og opins samtals
- Skortur á sýnileika gagna gagnrýndur
- Óskir um vinnufundi og rýnihópa svo að almenningur fái að taka þátt fyrr í ferlinu
- Kallað er eftir virkum samtalsvettvangi og margir vilja aðkomu áður en tillögur eru fullmótaðar



Náttúruvernd og vatnsvernd

- Almennit jákvæð viðhorf til vatnsverndar og náttúruverndar
- Gagnrýnt að vatnsvernd sé of einhliða sett fram sem rök fyrir lokunum og takmörkunum
- Mótvægisaðgerðir í stað skerðinga t.d. með stýringum, betri hönnun, skýrari ábyrgð og tæknilegum útfærslum
- Kallað eftir nákvæmu áhættumati og samráð við verndarsamtök
- Jafnvægi milli verndar og útivistar

A photograph of a snowy landscape. In the foreground, a snow machine is visible, spraying a fine mist of snow. A winding path or road, marked with tracks, leads from the foreground into the distance. The terrain is covered in snow, with some sparse, dry vegetation visible on the left. The sky is bright and overexposed.

Tillögur að viðbrögðum

- Skerpa þarf á skýrleika og sveigjanleika
- Skýra forsendur og rök og meta áhrif í vinnslutillögu
- Leggja fram valkosti og útfærslur og leggja áherslu á meðalhóf
- Efla samráð við lykilhópa, sérstaklega við útivistaraðila og hestamenn
- Kortleggja aðgengi, brunavarnir og vistgildi með markvissum hætti

A photograph of a winter forest. In the foreground, there are snow-covered evergreen trees, some with snow on their branches. The ground is covered in a thick layer of snow. In the background, more trees are visible, and the sky is a clear, bright blue. The overall scene is peaceful and serene.

Næstu skref

- Kalla eftir þátttöku á vinnufundum fyrir vinnslutillögu
- Samræma við svæðisskipulag og önnur markmið
- Uppfæra greinargerð með áherslu á að rökstyðja forsendur, greina áhrif og sýna valkosti þar sem við á
- Vinnslutillagan verður kynnt á opnu húsi þar sem almenningur getur haft áhrif á tillögur